

## 1091. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 16. apríl, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hildur Mósedóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdarstjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir nr. 1089 og 1090 lagðar fram til samþykktar**

Samþykkt og undirritað.

2. **Yfirlit yfir stöðu Jafnlaunavottunar VR**

Stefán Einar fór yfir stöðu verkefnisins um Jafnlaunavottun VR á glærum. Kom þar m.a. fram að fjárveiting til verkefnisins var ákveðin 50 milljónir kr. U.þ.b. 30 fyrirtæki eru nú í vottunarferli. 3 fyrirtæki hafa hlotið vottun og er áfallinn kostnaður nú um kr. 38 milljónir en væntanlega þarf að bæta í fjármögnun þegar líður á árið. Markmiðið er að ná að ljúka vottun 30 fyrirtækja fyrir lok árs 2013.

Umræður.

3. **Staða þjónustu við atvinnuleitandi félagsmenn**

Stefán Einar fór yfir málið á glærum. Þar kom m.a. fram að verkefnið fór af stað 1. ágúst 2012. Um er að ræða samstarf við STARF vinnumiðlun og ráðgjöf en eigendur þess eru ASÍ og SA. Nú erum við með 7 ráðgjafa í 100% stöðum og 2 í 50%. Um er að ræða tilraunaverkefni til 3 ára. Í máli Stefáns Einars kom fram að fjöldi atvinnulausra í VR í janúar 2012 var 2.673 en í dag er sú tala komin niður í 1.387. Í þjónustunni hafa orðið til 10,054 snertingar við hina atvinnulausu félagsmenn, 803 hafa verið afskráðir í vinnu, 305 fengið námssamninga, 261 fengið námsstyrki og 1,248 tekið þátt í námskeiðum okkar. Dreifði hann næst skjalinu "*Greining á félagsmönnum VR sem eru þátttakendur í tilraunaverkefni STARF m.v. 1.4.2013*" og fór yfir efni þess. Þar voru fjöldatölur atvinnulausra m.a. eftir kyni, aldri menntun o.s.frv.

Umræður.

4. **Staða kjaramálaráðgjafar**

Stefán Einar fór yfir efnið á glærum eins og áður. Þar kom m.a. fram að unnið hafi verið í 1,472 málum fyrir félagsmenn á árinu 2012 og er það 8,3% fjölgun frá árinu á undan.

5. **Staða starfsendurhæfingarráðgjafar**

Stefán Einar fór yfir efnið á glærum. Kom fram að samstarfssamningur hafi verið gerður milli VR og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs árið 2009. Árið 2012 vorum við með 188 einstaklinga í ráðgjöf en alls hafa 617 verið í ráðgjöf frá árinu 2009 og eykst fjöldi þeirra hratt.

Umræður

6. **Önnur mál**

Engin önnur mál voru og fundi því slitið kl. 18:45